

Afkomutilkynning, 10. mars 2006

FL Group skilar 20,5 milljarða króna hagnaði fyrir skatta árið 2005

- Besta afkoma í sögu félagsins -

Hagnaður FL Group samstæðunnar fyrir skatta árið 2005 var rúmir 20,5 milljarðar króna samanborið við rúma 4,3 milljarða króna hagnað árið áður. Að teknu tilliti til skatta var hagnaður tímabilsins tæpir 17,3 milljarðar króna, samanborið við tæpa 3,6 milljarða króna árið áður. Arðsemi eiginfjár nam 55,2% á tímabilinu. Afkoma af fjárfestingastarfsemi nam tæpum 18,4 milljörðum króna fyrir skatta, og þar af var hagnaður á fjórða ársfjórðungi 13,3 milljarðar króna.

Afkoma af fjárfestingastarfseminni frá síðustu áramótum til 9. mars er jákvæð um 17,6 milljarðar króna fyrir skatta.

HELSTU ATRIÐI ÁRSINS 2005:

- Árið 2005 markaði tímamót í sögu FL Group, þar sem 44 milljarða króna hlutfjárlausningu bar hæst
- FL Group er í dag leiðandi áhrifafjárfestir í Norður-Evrópu og eitt stærsta fjárfestingafélag landsins
- Hagnaður samstæðunnar fyrir skatta var 20,5 milljarðar króna
- Heildareignir í árslok voru 132,6 milljarðar króna, aukast um 89,1 milljarða króna á árinu
- Eigið fé í árslok var 74,4 milljarðar króna og arðsemi eigin fjár því 55,2%
- Eiginfjárlutfall í árslok er 62,9%¹
- EBITDA rekstrarfélaga var 4,8 milljarðar króna á árinu 2005 og batnar lítillega milli ára
- Hagnaður rekstrarfélaga fyrir skatta nam 2,2 milljörðum króna og batnar lítillega milli ára
- Handbært fé frá rekstri hjá rekstrarfélögum var 5,7 milljarðar króna og batnar um 1,4 milljarða milli ára
- Gengið frá kaupum á Bláfugli og Flugflutningum
- Undirritaður samningur um kaup á lágfargjaldafélaginu Sterling

HORFUR:

- Afkoma af fjárfestingastarfseminni frá áramótum til 9. mars er jákvæð um 17,6 milljarða króna²
- Eign FL Group í markaðsverðbréfum 9. mars var 150,4 milljarðar króna, þar af voru 67,7 milljarðar króna í erlendum verðbréfum
- Gengið frá samningum um sölu Ferðaskrifstofu Íslands og Bílaleigu Flugleiða
- Ákveðið að skrá Icelandair Group á markað á fyrri hluta ársins

¹ Eiginfjárlutfall að teknu tilliti til fjármögnunar á fyrirframinnborgunum vegna 15 Boeing 737-800 véla

² Öendurskoðuð staða þann 9. mars 2006

Hannes Smárason, forstjóri FL Group:

„Þetta er langbesta afkoma í sögu félagsins og endurspeglar árangurinn af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á starfseminni. Með hlutafjárútböðinu í nóvember síðastliðnum var stigið mikilvægt skref í að gera FL Group að öflugu fjárfestingafélagi og er stærsti hluti afkomunnar nú af fjárfestingastarfsemi félagsins. Vel hefur tekist til við að framkvæma breytingarnar og byggja upp öflugan hóp starfsmanna sem nær árangri. Að sama skapi var afkoma rekstrarfélaganna góð sem er mjög ánægjulegt í ljósi þess að eldsneytisverð hefur verið mjög hátt og gengi íslensku krónunnar óhagstætt. Rekstrarfélögin hafa því sýnt mikinn styrk í að aðlaga reksturinn hratt og örugglega að breytilegum ytri aðstæðum.“

LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI

í milljónum króna	Fjárfestingar		Flugrekstur og ferðaþjónusta		Samstæða	
	2005	2004	2005	2004	2005	2004
Rekstrarreikningur						
Fjárfestingatekjur	19.794	2.560	-204	-406	19.590	2.154
Rekstrartekjur	232	0	47.412	42.586	47.644	42.586
Rekstrargjöld án afskrifta	-1.652	-150	-42.631	-37.832	-44.283	-37.982
Afskriftir	0	0	-2.408	-2.440	-2.408	-2.440
EBITDA	-1.420	-150	4.781	4.754	3.361	4.604
EBIT	-1.420	-150	2.373	2.314	953	2.164
Hagnaður fyrir skatta	18.374	2.354	2.169	1.908	20.543	4.262
Tekjuskattur	-2.969	-530	-323	-183	-3.292	-713
Hagnaður ársins	15.405	1.824	1.846	1.725 0	17.251	3.549
Efnahagsreikningur						
Heildareignir					132.341	43.492
Skuldir					58.175	28.721
Eigið fé					74.443	14.761
Sjóðstreymi						
Handbært fé frá rekstri	278	923	5.750	4.198	6.028	5.121

Félagið birtir nú í fyrsta skipti afkomutölur þar sem afkoma af fjárfestingastarfsemi og rekstrarfélögum er skipt upp. Undir fjárfestingastarfsemi samstæðunnar falla FL Group móðurfélag og FL Investment ásamt Icelease.

FJÁRFESTINGASTARFSEMI

Hagnaður af fjárfestingastarfsemi FL Group nam 18,4 milljörðum króna fyrir skatta á árinu 2005 en þar af er 13,3 milljarðs króna hagnaður til kominn á fjórða ársfjórðungi. Hagnaður eftir skatta var 15,4 milljarðar króna á árinu 2005 og 11,2 milljarðar króna á fjórða ársfjórðungi. Töluverður kostnaður féll til á árinu vegna umbreytinga félagsins og er einskíptiskostnaður vegna þessa um 1,2 milljarðar króna.

Í kjölfar hlutafjárútboðs í nóvember á síðasta ári skipaði FL Group sér í hóp stærstu félaga í Kauphöll Íslands ásamt því að fjárhagslegir burðir þess styrktust til muna. Félagið gaf út nýtt hlutafé fyrir 44 milljarða króna og í útboðinu greiddu fjárfestar 24,5 milljarða króna í peningum og 19,5 milljarða króna í hlutabréfum. Sú leið að bjóða fjárfestum að greiða fyrir hlutaféð með hlutabréfum í 10 stærstu félögum Kauphallarinnar var félaginu afar hagfelld. Með þessu móti tókst félaginu að byggja upp gott safn hlutabréfa á einum degi.

Heildareignir samstæðunnar námu um 132,6 milljörðum króna í lok árs 2005 og jukust því um 89,1 milljarða króna á árinu. Stærstan hluta þessarar aukningar eða um 55,7 milljarða króna má rekja til stöðutöku í markaðsverðbréfum en hluti þeirrar aukningar var fjármögnuð með hlutafjárútboði félagsins á síðasta ári. Rekstrarfjármunir hækka um 14,7 milljarða króna, en þá hækkan má að stærstum hluta rekja til fyrirframgreiðslna vegna kaupa á fimmtán Boeing 737-800 flugvélum. Þessar fyrirframgreiðslur munu fara út af efnahagsreikningi félagsins við afhendingu vélanna á árunum 2006 og 2007. Aukningu á vaxtaberandi skuldum má að öllu leyti rekja til fyrirframgreiðslunnar vegna flugvélanna og frekari fjárfestinga í verðbréfum.

Óefnislegar eignir FL Group aukast um 3,2 milljarða króna á ársfjórðungnum sem má að öllu leyti rekja til viðskiptavildar vegna kaupa á Bláfugli og Flugflutningum.

Í lok ársins námu fjárfestingar FL Group í hlutabréfum um 114 milljörðum króna. Stærstu einstöku fjárfestingarnar voru í Kaupþingi banka að fjárhæð 31,2 milljarðar króna, easyJet að fjárhæð 26,7 milljarðar króna og í Íslandsbanka að fjárhæð 22,9 milljarðar króna. Verðbréfaeign félagsins er þó bókfærð á aðeins 75,0 milljarða króna þar sem hluti af hlutabréfum félagsins er í framvirkum samningum sem eru færðir nettó í ársreikningnum.

Eigið fé FL Group var um 74,4 milljarðar króna í lok árs 2005 og jókst því um 59,6 milljarða króna á tímabilinu. Hækkunina má rekja til hagnaðar ársins og fyrrnefnds hlutafjárútboðs. Fjárhagsstaða félagsins er því afar sterk og er eiginfjárlutfallið 56,3%. Ef tekið er tillit til fjármögnunar á fyrirframgreiðslu vegna kaupa á fimmtán Boeing 737-800 flugvélum er eiginfjárlutfallið 62,9%. Félagið er því afar vel í stakk búið til að takast á við áframhaldandi verkefni. Arðsemi eiginfjár var 55,2% miðað við meðalstöðu eiginfjár yfir árið.

Um síðustu áramót var uppgjörsmýnt FL Group breytt úr Bandaríkjadollurum yfir í íslenskar krónur þar sem krónan var orðin langstærsta einstaka myntin hjá félaginu. Breytingin leiddi til þess að töluverð gengisáhætta myndaðist vegna erlendar lántöku um áramótin. Í kjölfarið var sú gengisáhætta varin og var því lokið að fullu um miðjan janúar. Þá hefur fjármögnun á erlendum hlutabéfastöðum að mestu farið fram í íslenskum krónum og eru erlendar eignir félagsins nú umfram erlendar skuldir.

Frá áramótum hafa nokkrar breytingar átt sér stað á rekstrarfélögum FL Group. Gengið var frá kaupum á Sterling í byrjun árs en Ferðaskrifstofa Íslands og Bílaleiga Flugleiða hafa verið seld. Áætlaður söluhagnaður vegna sölu félaganna er um 1,6 milljarður króna. Þá hefur verið tilkynnt um skráningu Icelandair Group í Kauphöll Íslands og er áfram stefnt að því að ljúka þeirri vinnu á fyrri hluta ársins.

REKSTRARFÉLÖG

Velta rekstrarfélaga FL Group á árinu 2005 var 47,4 milljarðar króna en var 42,6 milljarðar króna á sama tíma í fyrra. Rekstrarhagnaður án fjármagnsliða og afskrifta (EBITDA) var um 4,8 milljarðar króna á árinu 2005 samanborið við 4,8 milljarða á fyrra ári. Rekstrarhagnaður án fjármagnsliða (EBIT) var um 2,4 milljarðar króna á árinu 2005 samanborið við 2,3 milljarða króna á árinu 2004. Þá var fjármunamyndun félaganna áfram sterk og nam handbært fé frá rekstri 5,7 milljörðum króna, sem er aukning um 1,4 milljarðarða króna frá árinu áður. Rekstrarfélögum í eigu FL Group fjölgaði á síðasta ári þegar félagið gekk frá kaupum á Bláfugli og Flugflutningum. Þau félög komu inn í samstæðuuppgjör m.v. 16. ágúst 2005.

Afkoma rekstrarfélaganna var mjög góð þrátt fyrir erfitt rekstrarumhverfi. Hátt eldsneytisverð og sterk staða krónunnar hefur haft þar mikil áhrif, bæði á þau félög sem eru í alþjóðaflugrekstri en ekki síður þau félög sem eru í innlendri ferðaþjónustu. Talsverður rekstrarbati varð á fjórða ársfjórðungi 2005 samanborið við fjórða ársfjórðung 2004. Það má einkum þakka mikilli söluaukningu Icelandair á heimamarkaðinum Íslandi og auknum umsvifum í alþjóðlegri leiguflygsstarfsemi Loftleiða Icelandaíca.

Velta rekstrarfélaganna á árinu 2005 jókst um 11,3% frá sama tímabili í fyrra og var sérstaklega góður vöxtur í farþegaflugi eða 17,3%. Sætanýting Icelandair var 77,5% og jókst um 3% milli ára. Þá jókst kostnaður um 12,7% milli ára og skýrir aukinn launa- og eldsneytiskostnaður aukninguna að stærstum hluta. Aukning launakostnaðar stafar af auknum umsvifum og taxtahækkunum launa.

Horfur í rekstri félaganna eru bjartar að mati stjórnenda og er áætlað að afkoma félaganna á árinu 2006 verði töluvert betri en á árinu 2005.

STERLING

FL Group undirritaði samning um kaup á danska lágfargjaldaflygfélaginu Sterling á árinu 2005. Kaupin gengu í gegn í byrjun árs 2006 og var félagið því ekki hluti af samstæðu FL Group á árinu 2005. Sterling tók miklum breytingum á árinu 2005 þegar félagið var sameinað Maersk Air en við það jókst flugvélafloti félagsins úr 10 í 30 flugvélar. Með sameiningunni varð til fjórða stærsta lágfargjaldaflygfélag í Evrópu, og eitt öflugasta lágfargjaldafélag í Skandinavíu. Samrunaferli Sterling og Maersk Air gengur vel en áætlað er að það muni standa yfir meirihluta þessa árs.

Rekstur Sterling hefur gengið vel það sem af er árinu 2006. Sala félagsins á fyrstu tveimur mánuðum ársins er umfram væntingar og betri en á sama tíma í fyrra. Farþega fjöldi hefur verið meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir í janúar og febrúar þrátt fyrir erfið ytri skilyrði í Danmörku og Evrópu. Áfram er búist við harðri samkeppni á markaðnum en Sterling er vel í stakk búið til þess að takast á við þá samkeppni.

FLUGVÉLAVIÐSKIPTI

Eins og áður hefur verið kynnt þá gerði félagið samning við Boeing um kaup á fimmtán nýjum Boeing 737-800 flugvélum á síðasta ári. Tíu vélar koma til afhendingar árið 2006 og fimm koma til afhendingar árið 2007. Þessar vélar eru ekki ætlaðar í flugrekstur rekstrarfélaganna heldur mun félagið leigja vélarnar til þriðja aðila í gegnum sérstök samlagsfélög sem hópur fjárfesta kemur að.

Gengið hefur verið frá leigu á níu af þeim vélum sem koma til afhendingar árið 2006 og ein hefur verið seld til þriðja aðila. Félagið hefur því þegar ráðstafað öllum þeim vélum sem koma til afhendingar árið 2006 og hafin er vinna við að leigja út eða selja beint vélarnar fimm sem koma til afhendingar árið 2007.

Þá hefur félagið gengið frá hluthafasamkomulagi um fyrstu 9 vélarnar við Kaupþing Banka, Sojitz Aircraft Leasing og UFJ Aircraft Iceland. FL Group mun eiga 40% eignarhlut í hverju félagi. Afkoma af verkefninu er í samræmi við áætlanir félagsins.

HLUTABRÉFAEIGN FL GROUP

FL Group hefur aukið hlutabréfaeign sína frá áramótum. Þann 9. mars síðastliðinn var hlutabréfaeign félagsins um 150,4 milljarðar króna en þar af voru um 67,7 milljarðar króna í erlendum hlutabréfum. Af heildar safni voru um 78 milljarðar króna í framvirkum samningum.

Hlutabréfasafn milljónir króna	31. desember 2005		9. mars 2006	
	Markaðsvirði	Eignarhlutur	Markaðsvirði	Eignarhlutur
Íslandsbanki	22.320	10%	43.792	16%
Kaupþing banki	31.250	6%	33.400	6%
Landsbanki Íslands	11.375	4%	-	-
Straumur-Burðarás	10.380	6%	-	-
Kögun	2.134	18%	-	-
Annað	7.202	-	5.443	-
Samtals á ICEX	84.661	74%	82.634	55%
easyJet	26.697	16%	30.933	17%
Bang & Olufsen	-	-	10.650	11%
Finnair	-	-	8.572	10%
Royal Unibrew	-	-	7.878	17%
Aktiv Kapital	-	-	5.484	10%
Annað	2.636	-	4.200	-
Samtals erlendis	29.333	26%	67.717	45%
Samtals	113.994	100%	150.351	100%

Íslandsbanki er íslensk-norsk bankasamstæða með starfsemi í fimm löndum. Bankinn er alhliða fjármálafyrirtæki sem veitir viðtæka þjónustu á sviði fjárfestingabankastarfsemi, lánveitinga og almennra bankaviðskipta. Félagið er skráð í Kauphöll Íslands.

Kaupping banki er norrænn banki sem veitir alhliða viðskipta- og fjárfestingarbankþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og fagfjárfesta. Bankinn er leiðandi aðili á flestum sviðum íslensks fjármálamarkaðar og stefnir að því að vera í hópi leiðandi fjárfestingarbanka í Norður-Evrópu. Félagið er skráð í Kauphöll Íslands.

Aktiv Kapital er fjármálafyrirtæki sem sérhæfir sig í innheimtu á viðskiptakröfum. Starfsemi félagsins skiptist í þrennt, kaup á lánasöfnum sem komin eru í vanskil, innheimta viðskiptakrafna og umsýsla reikninga. Félagið er skráð í kauphöllinni í Osló.

easyJet er annað stærsta lágfargjaldaflugfélag í Evrópu. Félagið er með starfsemi viðsvegar í Evrópu og flygur um 258 leiðir milli rúmlega 70 flugvalla í Evrópu. Félagið er skráð í kauphöllina í London.

Finnair er eitt elsta starfandi flugfélag heims. Félagið er markaðsráðandi í flugi til og frá Finnlandi, flygur til um 50 áfangastaða viðsvegar um heim, þar á meðal lykiláfangastaða í Asíu. Félagið er skráð í kauphöllinni í Helsinki.

Bang & Olufsen samstæðan þróar, framleiðir og selur hljóm- og myndflutningslausnir undir hinu þekktu vörumerki félagsins. Félagið hefur lengi verið í fremstu röð hvað varðar hönnun og gæði. Félagið er skráð í kauphöllinni í Kaupmannahöfn.

Royal Unibrew er annar stærsti drykkjarvöruframleiðandi í Skandinavíu. Samstæðan samanstendur af fjórum dönskum, tveimur litháenskum, tveimur pólskum og tveimur lettneskum drykkjarvöruframleiðendum. Félagið selur áfengar og óáfengar drykkjarvörur á mörkuðum í Evrópu, Afríku og Ameríku. Félagið er skráð í kauphöllina í Danmörku.

HORFUR

Þróun markaða það sem af er ári 2006 hefur verið félaginu afar hagfelld. Frá áramótum fram til og með 9. mars nemur áætlaður hagnaður af fjárfestingarstarfsemi félagsins um 17,6 milljörðum króna fyrir skatta. Hagnaðurinn er tilkominn vegna stöðutöku í hlutabréfum, gjaldeyri og sölu á rekstrarfélögum. Þá er stefnt að því að skrá Icelandair Group á öðrum ársfjórðungi og ljóst er að með þeirri aðgerð mun FL Group innleysa verulegan gengishagnað. Ef hlutabréfa og gjaldeyrismarkaðir haldast nokkuð stöðugir út árið 2006 er ljóst að afkoma félagsins verður afar góð.

Kynningarfundur verður haldinn fyrir markaðsaðila á Hótel Nordica föstudaginn 10. mars kl. 14. Hannes Smárason, forstjóri FL Group, mun kynna afkomu félagsins og svara spurningum.

Félagið áformar að halda aðalfund 21. mars næstkomandi þar sem m.a. verður lagt til að félagið greiði arð sem nemur 35% af hagnaði ársins eða 6.038 milljónum króna. Sú arðgreiðsla nemur um 104% af nafnvirði hlutafjár í árslok 2005.

STÆRSTU HLUTHAFAR

Hluthafalisti 9. mars 2006 *

Nafn	Nafnverð	Hluti
Eignarhaldsfélagið Oddaflug ehf	1.158.919.071	18,87%
Baugur Group	1.124.670.139	18,31%
Landsbanki Íslands hf **	677.355.544	11,03%
Icon	448.487.889	7,30%
Materia Invest ehf	404.411.765	6,59%
Arion safnreikningur	326.848.343	5,32%
Fons Eignarhaldsfélag hf	295.735.295	4,82%
Kaupþing banki hf	173.752.655	2,83%
Gildi lífeyrissjóður	110.103.916	1,79%
Saxbygg ehf	79.287.713	1,29%

* Hluthafalistinn er leiðréttur fyrir framvirkum samningum stærstu hluthafanna í samræmi við tilkynningar til Kauphallar Íslands.

** Af hlut Landsbankans eru 9,52% til varnar afleiðusamningi. Þar af eru 4,76% vegna afleiðusamnings við Oddaflug ehf og 4,76% vegna afleiðusamnings við Baugur Group hf.

UM FL GROUP

FL Group er leiðandi fjárfestingafélag sem sérhæfir sig annars vegar í stefnumarkandi fjárfestingum og umbreytingarverkefnum og hins vegar í eignastýringu þar sem áhersla er lögð á virka þátttöku á mörkuðum með skráð verðbréf. Félagið einbeitir sér að áhrifafjárfestingum í félögum í Norður-Evrópu á breiðum grunni. FL Group er skráð í Kauphöll Íslands (ICEX: FL).

Frekari upplýsingar veitir:
Hannes Smárason, forstjóri FL Group
Sími: 591 4400

Sveinbjörn Indriðason, fjármálastjóri FL Group
Sími: 591 4400